



Reykholahreppur
Hlynur Torfi Torfason
Maríutröð 5a Reykhólum
380 KRÓKSFJARÐARNES

Garðabær, 14.5.2025

Málsnúmer: 202504-0042

IAS

Efni: Breyting á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2022-2034. Króksfjarðarnes.

Vísað er til erindis Reykhólahrepps, dagsett 16. apríl 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar vegna breytinga á Aðalskipulagi Reykhólahrepps.

„Gerð er tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2022-2034. Breytingin felur í sér að móta stefnu um uppbyggingu atvinnustarfsemi og íbúðarbyggðar á Króksfjarðarnesi og Geiradal og þar með verði Króksfjarðarnes aftur skilgreint sem þéttbýli. Á Króksfjarðarnesi eru afmörkuð tvö ný verslunar- og þjónustusvæði, annað sem þjónustukjarni fyrir ferðamenn jafnt og íbúa aðliggjandi byggðar, veitingasala, verslanir og skiptistöð landflutninga. Hitt verslunar- og þjónustusvæðið er með áherslu á gistingu ferðamanna. Tvö ný íbúðarsvæði eru afmörkuð, austan og vestan megin við Vestfjarðarveg (nr. 60). Nú þegar eru 7 íbúðarhús á svæðinu. Í Geiradal er gert ráð fyrir nýju athafnasvæði, fyrir rýmisfreka en lítt mengandi starfsemi t.d. seiðaeldi.“

Svæðið er utan verndarsvæða en liggur að Breiðafirði sem taka þarf tillit til. Breiðafjörður er verndaður með lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar og Breiðafjörður er einnig alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði vegna sjófuglabyggða, fjara og grunnsævis. Breiðafjörður er þá ein af tillögum Náttúrufræðistofnunar á svæðum á framkvæmdaáætlun náttúruminjakrár og er svæðið tilnefnt vegna vistgerða, fugla og sela. Jarðfræði svæðisins er einnig áhugaverð, forn megineldstöð er kennd við Króksfjörð og á svæðinu finnst ísúrt innskotsberg með óvenjulega efnasamsetningu og steindasamsetningu. Þá hafa steingervingar fundist á nokkrum stöðum, bæði skeljar og plöntuleifar.

Svæði VP-14 á Króksfjarðarnestanga, sem ætlað er fyrir hótél með allt að 300 gistirými og aðra starfsemi tengda því, er á svæði sem er nánast óraskað. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar eru á svæðinu votlendisvistgerðir með hátt verndargildi auk þess sem svæðið er í mikilli nálægð við viðkvæmt fuglalíf og því væri æskilegt að finna staðsetningu fyrir hótelið innar á neginu nær núverandi byggingum.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur